

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar Laufey Þórðardóttir og bæjarstjóri Jón Björn Hákonarson.

Efni: Ókyngreindir búningasklefar og salerni í íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar.

Jafnréttisteymi og íþróttakennari Verkmenntaskóla Austurlands skora á Fjarðabyggð að gera úrbætur á íþróttamannvirkjum sínum í Neskaupstað svo þau henti öllum kynjum. Eins og staðan er núna er aðeins búningaástaða fyrir sískynja fólk í íþróttahúsi og sundlaug í Neskaupstað sem þýðir að trans, intersex og kynsegin nemendur skólans sitja ekki við sama borð og aðrir nemendur.

Jafnréttisáætlun Fjarðabyggðar vísar í stjórnarskrá Íslands þar sem stendur að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis og að kynin skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Í jafnréttisáætluninni stendur líka að það sé vilji bæjaryfirvalda að skapa sem best skilyrði fyrir alla íbúa Fjarðabyggðar og að sveitarfélagið leggi metnað í að tryggja íbúum jöfn tækifæri og virðingu.

Rannsóknir hafa sýnt að margir hinsegin nemendur finna til óöryggis í skólum og að þau forðist svæði og aðstæður þar sem þau finnast þau vera óvelkomin sem raskað getur eðlilegri þátttöku í skólastarfi. Algengast er að nemendur nefni búningasklefa sem stað sem þau forðast en einnig eru salerni ofarlega á lista (Samtökin 78, 2020).

Í áskorun Samtakanna 78 til Reykjavíkurborgar 2016 kemur fram að sumt trans fólk getur og vill notast við þá búnings- og salernisaðstöðu sem hæfir þeirra kyni þ.e.a.s. körlum eða konum. Annað fólk kjósi að gera það ekki vegna óþæginda eða vegna áreitni sem það gæti hugsanlega orðið fyrir eða vegna þess að það samræmist ekki kynvitund þeirra. Hluti hópsins sé kynsegin sem þýðir að kyn þeirra falli ekki að flokkunum tveimur, kona eða karl. Hópur trans barna og ungmenna sé ört vaxandi hérlendis og þar sem þau hafi ekki kost á skurðaðgerðum til að samræma líkama sinn og kynvitund, teljist kyntjáning þeirra því líklega óhefðbundin á einhvern hátt (Samtökin 78, 2016).

Í fréttaumfjöllunum um þessi mál hefur komið fram að þessir nemendur (og væntanlega eldra fólk í sömu stöðu líka) forðast þessi kynjuðu rými en velja þriðju ókyngreindu rýmin þegar þau bjóðast. Hinsegin fólk með ódæmigerða kyntjáningu mæti mikilli hliðvörslu í kynjuðum rýmum sem geri aðeins ráð fyrir kven- og karlkyni. Þetta birtist m.a. í formi óræitni og fordóma og að kynjuðu rýmin séu óörugg fyrir margt hinsegin fólk (Fréttablaðið, 2021 a og b).

Því skorum við á sveitarfélagið að bæta úr hratt og vel.

Fyrir hönd jafnréttisteymis Verkmenntaskóla Austurlands;

Margrét Perla Kolka Leifsdóttir jafnréttisfulltrúi og Salóme Rut Harðardóttir íþróttakennari skólans.

Heimildir:

Fréttablaðið (2021a). Tæp fimm prósent ungmenna orðið fyrir ofbeldi.

<https://www.frettabladid.is/frettir/taep-fimm-prosent-hinsegin-nemenda-ordid-fyrir-ofbeldi/>

Fréttablaðið (2021b). Ókyngreind salerni ættu ætíð að vera viðmiðið.

<https://www.frettabladid.is/frettir/okyngreind-salerni-aettu-aetid-ad-vera-vidmidid/>

Samtökin 78 (2016). Kynhlutlaus salerni og búningsklefar. <https://samtokin78.is/kynhlutlaus-salerni-og-buningsklefar/>

Samtökin 78 (2020). Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi.

https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wp-content/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINAL.pdf